



## Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

8. maí 2020

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í apríl 2020 og borið þær saman við tölur í mars 2020 og tölur frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Tilgangur greiningarinnar er að reyna að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda. Sambærileg greining var einnig gerð vegna marsmánaðar 2020.


Allar tölur sem fjallað er um hér að neðan má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

### Fjöldi tilkynninga

Í apríl 2020 bárust alls 1.055 tilkynningar til barnaverndarnefnda fjölgaðu úr 1.013 frá mánuðinum á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 1.135 tilkynningar og minnst 810 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili 955.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því eins og í mars 2020 aðeins yfir meðaltali síðustu 14 mánaða á undan en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í apríl vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.




## Fjöldi tilkynninga gegnum 112

Þegar skoðaðar eru tilkynningar sem bárust gegnum 112 þá bárust í apríl 2020 alls 141 tilkynning til nefnda gegnum neyðarnúmerið og er það fjölgun úr 68 tilkynningum mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 sem barst gegnum 112 er því mun meiri en mánuðinn á undan eða á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 þegar tilkynningar voru flestar 99.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, þ.e. um er að ræða mesta fjölda tilkynninga í gegnum 112 sem borist hafa frá janúar 2019.




## Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Í apríl 2020 bárust alls 90 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu og er það fjölgun úr 73 tilkynningum mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 74 tilkynning tilkynningar og minnst 41 tilkynning á einum mánuði þar sem barn er talið í yfirvofandi hættu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 56.

Fjöldi slíkra tilkynninga í mars og apríl 2020 er því töluvert yfir meðaltali og eru tilkynningar í apríl fleiri en þegar þær voru flestar á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar greindar eru tölur um bráðatilkynningar fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá eftirfarandi:

1. Bráðatilkynningar til nefnda á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð fjölgar og eru fleiri en áður hafa borist.
2. Bráðatilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjavíkur eru nokkuð yfir meðaltali en þó hafa borist jafnmargar bráðatilkynningar til nefndarinnar á samanburðartímabili og bárust í mars og apríl 2020.




### Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Í apríl 2020 bárust tilkynningar um alls 797 börn. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðaltal barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um í mars og apríl 2020 er nánast sá sami og er sú tala aðeins yfir meðaltali þeirra 14 mánaða sem samanburður nær til en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávík milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.




## Hverjir tilkynna

### Barn

Í apríl 2020 bárust alls 3 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur samband, samanbórið við 17 tilkynningar mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 frá barni sjálfu eru undir meðaltali í hverjum mánuði á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í apríl eru innan hefðbundinna sveiflna í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.




## Foreldrar

Í apríl 2020 bárust alls 76 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns, heldur færri en mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 frá foreldrum barns eru yfir meðaltali á því tímabili sem notað er til samanburðar en innan sveiflna á því tímabili.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í Reykjavík eru rétt undir meðaltali, en tölur á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð eru yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil.



## Skóli


Í apríl 2020 bárust alls 61 tilkynning til barnaverndarnefnda frá skólum, en þær voru 140 mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði frá skólum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 140.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 frá skólum eru því mun færri en bárust að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum fækkar mest í Reykjavík.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá skólum fækkar almennt verulega þá mánuði sem skólahald liggur niðri og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.

Sérstök ástæða er til þess að fylgjast með þróun í þessum efnun þegar skólahald hefur farið í eðlilegt horf. Tölurnar benda til þess að takmarkað skólahald hafi haft veruleg áhrif á forsendur skóla til að fylgjast með og láta barnaverndarnefndir vita af aðbúnaði barna.



#### Leikskóli/dagforeldri


Í apríl 2020 bárust alls 21 tilkynning til barnaverndarnefnda leikskólum/dagforeldrum, samanborið við 13 mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 19.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 frá leikskólum/dagforeldrum er því hærri en að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga í Reykjavík er nokkuð yfir meðaltali, en nefndir á höfuðborgarsvæði á landsbyggðinni undir meðaltali.

Mikilvægt er að hafa í huga að tilkynningum frá leikskólum/dagforeldrum fækkar almennt verulega yfir sumarmánuði og fjöldi tilkynninga á mánuði yfir vetrarmánuði eru því iðulega yfir meðaltali.

Sérstök ástæða er til þess að fylgjast með þróun í þessum efnum þegar starfsemi leikskóla hefur færst í eðlilegt horf.




### Nágrannar

Í apríl 2020 bárust alls 125 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum og er það fjölgun miðað við mánuðinn á undan, þegar bárust 84 tilkynningar frá nágrönnum. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 80 tilkynningar og minnst 48 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 65.

Fjöldi tilkynninga í mars og apríl 2020 frá nágrönnum eru því töluvert fleiri en berast nefndum að meðaltali í hverjum mánuði. Mun fleiri tilkynningar eru því að berast frá nágrönnum en á samanburðartímabili.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að þeim fækkar lítillega í Reykjavík í apríl frá því í mars, en eru yfir meðaltali miðað við samanburðartímabil, en fjölgar bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð.




## Ættingjar

Í apríl 2020 bárust alls 40 tilkynning til barnaverndarnefnda frá ættingjum, sem er fækkun frá mánuðinum á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 tilkynningar og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í apríl vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.




## Lögregla

Í apríl 2020 bárust alls 487 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá lögreglu samanborið við 341 tilkynningu mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynningar á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í apríl vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í Reykjavík eru tilkynningar frá lögreglu í apríl fleiri en áður á umræddu tímabili. Þær eru aðeins yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og rétt undir meðaltali á landsbyggð. Tölur frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni eru innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.






#### Heilbrigðisstofnun

Í apríl 2020 bárust alls 96 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá heilbrigðisstofnunum, heldur færri en mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því sá sami og að meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum eru aðeins yfir meðaltali í Reykjavík, en aðeins undir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð.




## Aðrir

Í apríl 2020 bárust alls 104 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum og er það svipaður fjöldi og barst mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 frá öðrum aðilum er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, en fjöldi tilkynninga í Reykjavík er aðeins hærri en þegar flestar tilkynningar bárust fyrir það tímabil sem hér er skoðað.



## Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Ekki er að sjá að markverðar breytingar verði á fjölda tilkynninga sem berast frá annarri barnaverndarnefnd eða félagsþjónustu.


## Efni tilkynninga

### Ofbeldi

Í apríl 2020 bárust alls 312 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi ofbeldi gegn börnum, samanborið við 300 mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og fleiri á mánuði en allt tímabilið á undan sem samanburðurinn nær til en er þó innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða..

Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi barna sem tilkynnt er um til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð.



Í apríl 2020 bárust 55 tilkynningar um *líkamlegt ofbeldi*. Fækkar þeim nokkuð milli mánaða, en þær voru 92 í mars. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 76 tilkynningar og minnst 34 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 57 á umræddu tímabili. Fjöldi tilkynninga í apríl er yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, en undir meðaltali á landsbyggð.

Tölur varðandi *tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi* eru mun hærri í apríl 2020 en að meðtali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á umræddu tímabili. Voru þær 241 í apríl og fjölgar úr 169 í mars 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 215 tilkynningar og minnst 124 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 162 á umræddu tímabili. Fjölgunin tekur til Reykjavíkur, höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Í apríl 2020 bárust 129 tilkynningar um *heimilisofbeldi*. Fjölgaði þeim úr 81 í mars. Að meðaltali bárust 73 tilkynningar varðandi heimilisofbeldi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, flestar voru tilkynningar 104 og færstar 47 og er því fjöldi tilkynninga í apríl yfir meðaltali í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð og hafa ekki borist fleiri tilkynningar á landsvísi í einum mánuði á umræddu tímabili.

Tölur varðandi *kynferðislegt ofbeldi* eru nokkuð undir meðaltali í apríl 2020 miðað við meðaltal á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og eru lægri en þegar færstar tilkynningar bárust á umræddu tímabili. Alls voru þær 20 í apríl 2020 og fækkaði úr 51 tilkynningu í mars. Meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili er 39 tilkynningar, flestar voru tilkynningar 54 og færstar 22. Sama gildir þegar skoðaður er fjöldi tilkynninga til: 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, alls staðar eru þær undir meðaltali.

Almennt er því sterk vísending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda um ofbeldi sé að aukast.


Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.

### Vanræksla

Í apríl 2020 bárust alls 490 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi vanrækslu sem er fjölgun miðað við mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 um vanrækslu er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar til Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðis vegna vanrækslu eru nokkuð yfir meðaltali en örlítið undir meðaltali á landsbyggð. Allar tölur eru þó innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.



Tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna* voru í apríl 2020 439, Fjölgar þeim milli mánaða, en þær voru 387 í mars. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 434 tilkynningar og minnst 269 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 347 á umræddu tímabili. Fjöldi tilkynninga í apríl er því fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á tímabilinu sem hér er til samanburðar. Tilkynningum fjölgar mest á höfuðborgarsvæðinu, en fjölgar einnig bæði í Reykjavík og á landsbyggð. Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu er yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en á landsbyggð rétt undir.

Tilkynningar þar sem grunur er um *foreldra í neyslu* eru jafn margar í apríl 2020 og mánuðinn á undan, 178 tilkynningar í hvorum mánuði, nánast jafn margar og þær hafa verið flestar á

umræddu tímabili. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 180 tilkynningar og minnst 96 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 140 á umræddu tímabili. Tilkynningum fjölga í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði í apríl, en fækkar á landsbyggð. eru tilkynningar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en á landsbyggð undir meðaltali.

Tilkynningar *varðandi líkamlega vanrækslu* eru jafn margar í apríl 2020 og mánuðinn á undan, eða 25 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 9 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 19 á umræddu tímabili. Á landsbyggðinni er fjöldi tilkynninga yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu sá sami.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* eru í apríl 29, samanborið við 31 tilkynningu mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 52 tilkynning og minnst 16 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 28 á umræddu tímabili. Á landsbyggðinni er fjöldi tilkynninga undir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu yfir meðaltali.

Tilkynningar um *vanrækslu varðandi nám* voru í apríl 2020 alls 27. Fjölga þeim nokkuð milli mánaða, en þær voru 19 í mars. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 34 tilkynning og minnst 5 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal slíkra tilkynninga 20 á umræddu tímabili. Fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð eru yfir meðaltali miðað við tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Í Reykjavík er fjöldi tilkynninga undir meðaltali, þar sem ein tilkynning barst, sem er sami fjöldi og lægsta gildi á því tímabili sem hér er til viðmiðunar.

Almennt því vísending um að tilkynningum til barnaverndarnefnda um vanrækslu sé að fjölga. Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður.


#### *Áhættuhegðun barns*

Í apríl 2020 bárust alls 240 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhættuhegðun barns, heldur færri en mánuðinn á undan. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar á einum mánuði áhættuhegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því nokkuð undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020, en ekki er að sjá að um sé að ræða óeðlilegt frávik milli mánaða heldur virðist talan í mars vera innan þeirra sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum um áhættuhegðun barns fjölga nokkuð í Reykjavík, en fækkar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni miðað við meðaltal á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Mikilvægt er að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum hver þróunin verður að þessu leyti.



### Ófætt barn

Í apríl 2020 bárust alls 13 tilkynningar til barnaverndarnefnda varðandi áhyggjur af ófæddu barni, en mánuðinn á undan voru tilkynningar 11. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 12 tilkynningar og minnst 2 tilkynningar á einum mánuði vegna ófæddra barna og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7.

Fjöldi tilkynninga í apríl 2020 er því einni fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningum varðandi ófædd börn fjölga fyrst og fremst í Reykjavík.

